



## Stjórnarfundur 5. september 2014, kl. 8:30 í Fjölheimum á Selfossi

**Mætt:** Ása Valdís Árnadóttir, Gunnar Þorgeirsson, Elfa Dögg Þórðardóttir, Margrét Runólfsdóttir og Þorvarður Hjaltason og Dagný Hulda Jóhannsdóttir sem ritar fundargerð. Rósbjörg Jónsdóttir frá Gekon kom sem gestur og kynnti klasasamstarfið Iceland Tourism.

### Fundarefni:

#### 1. Gekon / Iceland Tourism – 30 mín.

Rósbjörg Jónsdóttir frá Gekon kom og kynnti klasasamstarfið Iceland Tourism og ávinning þess fyrir Markaðsstofuna/Suðurland. Óskað var eftir því að fá fund með aðilum MSS í framhaldinu, ásamt því að Markaðsstofan tæki þátt í vinnufundi í október þar sem Suðurland er skoðað sérstaklega með tilliti til framboðsskilyrða, eftirspurnarskilyrða, stefnu og samkeppni, aðrar greinar. Samþykkt var að fara í þá vinnu.

Rósbjörg yfirgefur fundinn 9:20.

#### 2. Framvinduskýrsla

Dagný fer yfir framvinduskýrslu maí – ágúst 2014.

### Umræður/ákvarðanir:

- **Mikilvægi heimsóknna til aðila ítrekaðar** og að hafa þær áfram í forgangi.
- Dagný og Gunnar fara í að undirbúa vinnu **við endurnýjun samninga við sveitarfélögin**.
- MSS beitir sér fyrir því að aðildarfyrirtækin **verði saman á Vest Norden** í einskönar Suðurlands götu, með aðstoð aðilanna. MSS mun bjóða aðilum léttar veitingar að eftir sýninguna.
- **Málþing** varðandi endurskoðun á stefnu Markaðsstofunnar verður haldið í haust. Dagsetning var ákveðin, **31. október 2014** (þarf að endurskoða vegna Ferðamálaþings 30. október). Ákveðið var að slá Uppskeruhátíðinni saman við og hafa hana um kvöldið. Vinna með Gekon vegna Suðurlands (greiningar á markaði og markhópagreiningu) ásamt könnun meðal aðila og samantekt á samtölum við þá, verður notað sem upplagg við undirbúning málþingsins. Nánari ákvarðanir um framkvæmd verður tekið fyrir á vinnufundi í október.
- **Kostnaður við heimasíðu** er þegar kominn fram úr áætlun. Þá er reiknað með að enn meiri kostnaður falli til við að klára hana og koma í loftið. Þá var rætt var um að fá Stefnu til að klára þá vinnu við uppsetningu sem uppá vantar, svo einungis standi eftir vinna við innsetningu efnis.
- Framkvæmdastjóri mun athuga við hönnuð **lógós Markaðsstofu Suðurlands** um möguleika þess að koma græna „landshlutilitnum“ inni lógóið og kostnaðinum við það, til að það sé í

meira/betra samræmi við annað kynningarefni og hægt sé að nota það t.d. á mismunandi litum bakgrunni.

- Ákveðið var að **prenta 45.000 eintök** af Landshlutabæklingnum 2014/2015.
- Ákveðið var að framkvæmdastjóri myndi **ekki taka þátt í sýningum erlendis** þetta haustið sökum aukins kostnaðar t.a.m. við heimasíðu sem og anna við önnur stór verkefni.

### 3. Önnur mál

- Tímasetning stjórnarfunda var ákveðin **fyrsta mánudag í mánuði kl. 12:00**. Framvindusskýrslur verða sendar til stjórnar fyrir fundi.
- Rætt var um kostnað vegna bókhalds, sem í lok júní var kominn hátt í ársáætlun. Framkvæmdarstjóra falið að að skoða það nánar og finna leiðir við að lækka kostnað vegna þessa.
- Rætt um að framkvæmdastjóri myndi athuga með möguleg verkefni og verkefnastyrki því tengdu.

Fundi slitið kl. 10:23.